

*Helgisiðanefnd Þjóðkirkjunnar*



ÞJÓÐKIRKJAN

## **Blessun staðfestar samvistar**

*Drög að formi til kynningar og reynslu,  
lögð fyrir Prestastefnu 2006.*

*Blessun staðfestar samvistar er athöfn sem eftir því sem við á hverju sinni, getur farið fram í kirkju eða kapellu, eða á heimili, þegar þar í staðfestri samvist óskar eftir því að mega staðfesta heit sín fyrir augliti Guðs.*

# Blessun staðfestrar samvistar

## Tillaga I

*Safnast er saman í kirkjunni. Leika má forspil á orgelið eða flytja aðra tónlist. Parið tekur sér sæti í kór. Prestur fer fyrir altarið.*

### Upphaf

P Í nafni Guðs, föður og sonar og heilags anda.

A Amen.

P Hjálpar vor kemur frá Drottni.

A Skapara himins og jarðar.

Stýr mínum hag til heilla mér  
og hjálpar öðrum mönnum,  
en helst og fremst til heiðurs þér,  
í heilagleika sönnum. (Sb. 357, 6)

### Ávarp

*Á undan eftirfarandi ávarpi getur prestur flutt hugleiðingu frá eigin brjósti.*

Við erum hér saman komin í dag vegna þess að þið, NN og NN, hafið valið *hvor annan/hvor aðra* að lífsförunaut og staðfest samvist ykkar.

Kærleikurinn sem vaxið hefur milli ykkar fyllir ykkur gleði og von og við tökum þátt í gleði ykkar. Þið eruð hér til að biðja Guð að blessa þann ásetning ykkar að deila kjörum og búa saman í tryggð og trúfesti, ástúð og eindrægni.

Fyrir augliti Guðs og manna viljið þið staðfesta þann ásetning ykkar að elska og heiðra *hvor annan/hvor aðra* í sameiginlegri framtíð. Þið viljið gera öllum kunnugt að þið takið sameiginlega ábyrgð á því sem ykkur er trúað fyrir og því sem lífið færir ykkur að höndum.

**Sálmur** - *lesinn eða sunginn*

### Bæn

P Algóði Guð. Við þökkum þér fyrir lífið sem þú gefur okkur. Við

þökkum þér fyrir þau öll sem hafa umvafið okkur með kærleika sínum frá því við vorum börn og allt til þessa dags. Við biðjum þig, gef okkur það sem við þörfnumst mest, endurnýja umhyggju okkar og kærleika dag hvern. Þess biðjum við í Jesú nafni. Amen.

### **Ritningarlestur 1. Kor. 13**

Þótt ég talaði tungum manna og engla, en hefði ekki kærleika, væri ég hljómandi málmur eða hvellandi bjalla. Og þótt ég hefði spádómsgáfu og vissi alla leyndardóma og ætti alla þekking, og þótt ég hefði svo takmarkalaus trú, að færa mætti fjöll úr stað, en hefði ekki kærleika, væri ég ekki neitt. Og þótt ég deildi út öllum eigum mínum, og þótt ég framseldi líkama minn, til þess að verða brenndur, en hefði ekki kærleika, væri ég engu bættari.

Kærleikurinn er langlyndur, hann er góðviljaður. Kærleikurinn öfundar ekki. Kærleikurinn er ekki raupsamur, hreykir sér ekki upp. Hann hegðar sér ekki ósæmilega, leitar ekki síns eigin, hann reiðist ekki, er ekki langrækinn. Hann gleðst ekki yfir óréttvísinni, en samgleðst sannleiknum. Hann breiðir yfir allt, trúir öllu, vonar allt, umber allt. Kærleikurinn fellur aldrei úr gildi. En spádómsgáfur, þær munu líða undir lok, og tungur, þær munu þagna, og þekking, hún mun líða undir lok.

Því að þekking vor er í molum og spádómur vor er í molum. En þegar hið fullkomna kemur, þá líður það undir lok, sem er í molum.

Þegar ég var barn, talaði ég eins og barn, hugsaði eins og barn og ályktaði eins og barn. En þegar ég var orðinn fulltíða maður, lagði ég niður barnskapinn. Nú sjáum vér svo sem í skuggsjá, í ráðgátu, en þá munum vér sjá augliti til auglitis. Nú er þekking mín í molum, en þá mun ég gjörþekkja, eins og ég er sjálfur gjörþekktur orðinn.

En nú varir trú, von og kærleikur, þetta þrennt, en þeirra er kærleikurinn mestur.

### **Sálmur eða önnur tónlist**

#### **Handsál og bæn**

P Þið N og N gangið nú hingað að altari Guðs og þiggið blessun Guðs yfir staðfesta samvist ykkar.

*Parið gengur að altarisgráðum og stendur þar.*

P Takist í hendur.

*Prestur leggur hægri hönd yfir hendur þarsins og segir:*

Himneski faðir, gef N og N náð, hamingju og blessun til líkama og sálar. Gef þeim að ást þeirra viðhaldist í trúfesti og að þeir/þær þjóni þér í öllum sínum verkum og helgi þér heimili sitt og fjölskyldulíf, og megi um síðir búa hjá þér í þínum eilífu heimkynnum. Heyr þá bæn í Jesú nafni.

A Drottinn heyr vora bæn. Amen.

*eða:*

*Prestur leggur hægri hönd yfir hendur þarsins og segir:*

Drottinn Guð, himneski faðir. Vér felum þér sambúð og samvistir N og N sem hér biðja um blessun þína. Gef þeim náð til þess að lifa saman í guðsótta og kærleika í gleði og eindrægni. Lát þá / þær finna þína náðugu hjálp. Gef þeim og oss öllum að lifa saman hér á jörð í friði og ástríki, tryggð og hlýðni við heilög boð þín, svo að vér megum um síðir eignast eilíft heimkynni á himni. Heyr þá bæn í Jesú nafni.

A Drottinn heyr vora bæn. Amen.

*Parið krýpur á gráðurnar*

### **Faðir vor og blessun – með handayfirlagningu**

P Biðjum saman bæn Drottins.

A Faðir vor...

P Takið blessun Drottins.

Drottinn blessi þig...

A Amen

### **Útganga**

*Parið gengur til dyra.*

*Leikin er tónlist ef vill.*

## Blessun staðfestrar samvistar

### Tillaga 2

*Safnast er saman í kirkjunni. Leika má forspil á orgelið eða flytja aðra tónlist. Parið tekur sér sæti í kór. Prestur fer fyrir altarið.*

#### Upphaf

P Í nafni Guðs, föður og sonar og heilags anda.

A Amen.

P Hjálpar vor kemur frá Drottni.

A Skapara himins og jarðar.

Stýr mínum hag til heilla mér  
og hjálpar öðrum mönnum,  
en helst og fremst til heiðurs þér,  
í heilagleika sönnum. (Sb. 357, 6)

#### Ávarp

*Á undan eftirfarandi ávarpi getur prestur flutt hugleiðingu frá eigin brjósti.*

Við erum hér saman komin í dag vegna þess að þið NN og NN hafið valið *hvor annan/hvor aðra* að lífsförunaut og staðfest samvist ykkar með opinberum hætti.

Kærleikurinn sem vaxið hefur milli ykkar fyllir ykkur gleði og von og við tökum þátt í gleði ykkar. Þið eruð hér til að biðja Guð að blessa þann ásetning ykkar að deila kjörum og búa saman í tryggð og trúfesti, ástúð og eindrægni.

Fyrir augliti Guðs og manna viljið þið staðfesta þann ásetning ykkar að elska og heiðra *hvor annan/hvor aðra* í sameiginlegri framtíð. Þið viljið gera öllum kunnugt að þið takið sameiginlega ábyrgð á því sem ykkur er trúað fyrir og því sem lífið færir ykkur að höndum.

#### Sálmur

#### Bæn

P Algóði Guð. Við þökkum þér fyrir lífið sem þú gefur okkur. Við

þökkum þér fyrir þau öll sem hafa umvafið okkur með kærleika sínum frá því við vorum börn og allt til þessa dags. Við biðjum þig, gef okkur það sem við þörfnumst mest, endurnýja umhyggju okkar og kærleika dag hvern. Þess biðjum við í Jesú nafni. Amen

### **Ritningarlestrar**

*(Sjá lestra að vali hér aftar í heftinu)*

*Vel fer á því að parið sjálfst lesi ritningarlestrana, ættingjar eða vinir.*

*Æskilegt er að sungið sé eða leikin tónlist milli lestra.*

### **Sálmur**

#### **Yfirlýsing um tryggð og trúfesti**

P Þið N og N gangið nú hingað að altari Guðs og þiggið blessun Guðs yfir staðfesta samvist ykkar.

*Parið gengur að altarisgráðum og stendur þar.*

P Takist nú í hendur og lýsið hvor um sig yfir ásetningi ykkar um tryggð og trúfesti.

N ég nefni nafnið þitt í kærleika og gleði frammi fyrir augliti Guðs og þessa safnaðar.

Þú hefur heitið því að deila þínu lífi með mínu um alla framtíð.

Ég heiti þér tryggð og trúfesti.

Ég vil standa með þér alla daga

erfiða sem auðvelda,

og vil leitast við að ganga með þér á vegum Guðs.

Ég bið að Guð leiði okkur í Jesú nafni.

*(Endurtekið)*

#### **Blessun yfir handtak þeirra**

P Svo blessi ykkur Guð

hinn almáttugi og miskunnsami

faðir, sonur og heilagur andi. Amen.

eða:

P Svo blessi ykkur Guð.  
Kærleikur Guðs varðveiti ykkur  
Speki Guðs leiðbeini ykkur  
Kraftur Guðs styrki ykkur. Amen

*Parið krýpur á gráðurnar. Prestur snýr að altari.*

## **A Faðir vor**

*Parið rís á fætur. Prestur snýr að söfnuði og lýsir blessun.*

## **Drottinleg blessun**

P Drottinn blessi þig....

## **Útganga – eftirspil.**

## Blessun staðfestrar samvistar

### Tillaga 2

*Safnast er saman í kirkjunni. Leika má forspil á orgelið eða flytja aðra tónlist. Parið tekur sér sæti í kór. Prestur fer fyrir altarið.*

#### Upphaf

P Í nafni Guðs, föður og sonar og heilags anda.

A Amen.

P Hjálp vor kemur frá Drottni.

A Skapara himins og jarðar.

Stýr mínum hag til heilla mér  
og hjálpar öðrum mönnum,  
en helst og fremst til heiðurs þér,  
í heilagleika sönnum. (Sb. 357, 6)

#### Ávarp

*Á undan eftirfarandi ávarpi getur prestur flutt hugleiðingu frá eigin brjósti.*

Við erum hér saman komin í dag vegna þess að þið NN og NN hafið valið *hvor annan/hvor aðra* að lífsförunaut og staðfest samvist ykkar með opinberum hætti.

Kærleikurinn sem vaxið hefur milli ykkar fyllir ykkur gleði og von og við tökum þátt í gleði ykkar. Þið eruð hér til að biðja Guð að blessa þann ásetning ykkar að deila kjörum og búa saman í tryggð og trúfesti, ástúð og eindrægni.

Fyrir augliti Guðs og manna viljið þið staðfesta þann ásetning ykkar að elska og heiðra *hvor annan/hvor aðra* í sameiginlegri framtíð. Þið viljið gera öllum kunnugt að þið takið sameiginlega ábyrgð á því sem ykkur er trúað fyrir og því sem lífið færir ykkur að höndum.

#### Sálmur

#### Bæn

P Algóði Guð. Við þökkum þér fyrir lífið sem þú gefur okkur. Við

Þökkum þér fyrir þau öll sem hafa umvafið okkur með kærleika sínum frá því við vorum börn og allt til þessa dags. Við biðjum þig, gef okkur það sem við þörfnumst mest, endurnýja umhyggju okkar og kærleika dag hvern. Þess biðjum við í Jesú nafni. Amen.

## Ritningarlestrar

*(Sjá lestra að vali hér aftar í heftinu)*

*Vel fer á því að parið sjálfst ættingjar eða vinir, lesi ritningarlestrana.*

*Syngja má eða leika tónlist milli lestra.*

## Sálmur

### Yfirlýsing um tryggð og trúfesti

P Þið N og N gangið nú hingað að altari Guðs og þiggið blessun Guðs yfir staðfesta samvist ykkar.

*Parið gengur að altarisgráðum og stendur þar.*

P Takist nú í hendur og lýsið hvor um sig yfir ásetningi ykkar um tryggð og trúfesti.

N ég nefni nafnið þitt í kærleika og gleði frammi fyrir augliti Guðs og þessa safnaðar.

Þú hefur heitið því að deila þínu lífi með mínu um alla framtíð.

Ég heiti þér tryggð og trúfesti.

Ég vil standa með þér alla daga, erfiða sem auðvelda, og vil leitast við að ganga með þér á vegum Guðs.

Ég bið að Guð leiði okkur í Jesú nafni.

*(Endurtekið)*

### Blessun yfir handtak þeirra

P Guð, sem er kærleikur varðveiti ykkur í krafti sínum og blessi ykkur með náð sinni og geri ykkur að bústað friðarins fyrir hvor annan/hvor aðra og fyrir okkur öll.

## **Bæn**

*Parið krýpur á gráðurnar og viðstaddir lesa saman eftirfarandi bæn:*

Vér biðjum þig Guð fyrir N og N.

Varðveit þá/þær í kærleika þínum og lát skilning þeirra og trúfesti vaxa á veginum sem þær/þeir ganga saman. Varðveit með þeim gleði þeirra, gæsku og umhyggju gagnvart þeim sem tilheyra lífi þeirra.

Fylg þeim með blessun þinni alla daga sem þú gefur þeim að lifa.

Vér biðjum fyrir öllum fjölskyldum og heimilum.

Hjálpa oss til að taka hvert annað að oss eins og Kristur hefur tekið oss að sér.

## **Faðir vor**

### **Blessun**

P Drottinn blessi þig.....

*Þegar altarisganga er í athöfninni kemur sálmur strax á eftir bæninni hér að ofan. Í stað lokabænar eftir altarisgöngu er þá lesinn eftirfarandi lokabæn:*

### **Lokabæn og fararblessun**

P Vér þökkum þér Guð fyrir þitt heilaga orð, sem er ljós á vegum vorum.

Vér þökkum þér Guð fyrir máltíðina við borð þitt, sem styrkir oss til lífs í fylgd með þér.

Vér þökkum þér Guð að þú mætir oss í Jesú Kristi og beinir hugsun vorri, vilja og gjörðum til starfa fyrir hann.

Vér biðjum fyrir oss sjálfum og öllum mönnum.

Styrk oss til göngunnar á þínum vegum.

Ger oss að verkfærum friðar þíns í heiminum, að farvegi fyrirgefningarinnar, og lát oss glæða von þar sem kjarkleysið ræður.

Vér biðjum þig fyrir N og N.

*Þeir/þær voru með oss gestir við borð þitt.*

Vér erum limir á þínum líkama.

Ásamt þeim þökkum vér þér að þú hefur látið leiðir þeirra liggja saman, með þeim lofum vér þig fyrir gjafir sköpunar þinnar og fyrir kærleikann sem þú gefur oss.

N og N vilja lifa saman í þinni eftirfylgd, og leggja líf sitt undir þín fyrirheit. Veit þeim fylgd þína og leiðsögn.

Hjálpa þeim á sameiginlegri vegferð svo þeir/þær verði öðrum blessun.

Ver hjá þeim á stundum gleði og sorgar, áhyggjuleysis og erfiðleika.

Þú sem gafst lærisveinum þínum fyrirheitið um nálægð þína alla daga allt til enda veraldar. Ver þú nálægur oss öllum í Jesú nafni.

Amen.

## **Blessun staðfestrar samvistar Tillögur að ritningarlestrum**

### **Ljóðaljóðin 8:6-7**

Legg mig sem innsiglið við hjarta þér, sem innsiglið við armlegg þinn. Því að elskan er sterk eins og dauðinn, ástríðan hörð eins og Hel. Blossar hennar eru eldblossar, logi hennar brennandi.

Mikið vatn getur ekki slökkt elskuna og árstraumar ekki drekkt henni. Þótt einhver vildi gefa öll auðæfi húss síns fyrir elskuna, þá mundu menn ekki gjöra annað en fyrirlíta hann.

### **SI 100**

Öll veröldin fagni fyrir Drottni!

Þjónið Drottni með gleði,

komið fyrir auglit hans með fagnaðarsöng!

Vitið, að Drottinn er Guð, hann hefir skapað oss,  
og hans erum vér, lýður hans og gæsluhjörð.

Gangið inn um hlið hans með lofsöng, í forgarða hans með sálum,  
lofið hann, vegsamið nafn hans.

Því að Drottinn er góður, miskunn hans varir að eilífu  
og trúfesti hans frá kyni til kyns.

### **SI 108:1-5**

Hjarta mitt er stöðugt, ó Guð, ég vil syngja og leika,  
vakna þú, sála mín!

Vakna þú, harpa og gígja,

ég vil vekja morgunroðann.

Ég vil lofa þig meðal lýðanna, Drottinn,

vegsama þig meðal þjóðanna,

því að miskunn þín er himnum hærrí,

og trúfesti þín nær til skýanna.

### **Rómverjabréfið 12:9-13**

Elskan sé flærðarlaus. Hafið andstyggð á hinu vonða, en haldið fast við hið góða.

Sýnið hver öðrum bróðurkærleika og ástúð, og verið hver yðar fyrri til að veita öðrum virðing. Verið ekki hálfvolgir í áhuganum, verið brennandi í andanum. Þjónið Drottni. Verið glaðir í voninni, þolinmóðir í þjáningunni og staðfastir í bæninni. Takið þátt í þörfum heilagra, stundið gestrisni.

## **Galatabréfið 3:27-28**

Allir þér, sem eruð skírðir til samfélags við Krist, þér hafið íklæðst Kristi. Hér er enginn Gyðingur né grískur, þræll né frjáls maður, karl né kona. Þér eruð allir eitt í Kristi Jesú.

## **Filippibréfið 2:1-4**

Ef nokkurs má sín upphvatning í nafni Krists, ef kærleiksávarp, ef samfélag andans, ef ástúð og meðaumkun má sín nokkurs, þá gjörið gleði mína fullkomna með því að vera samhuga, hafa sama kærleika, einn hug og eina sál. Gjörið ekkert af eigingirni eða hégómagirnd. Verið lítillátir og metið aðra meira en sjálfa yður. Lítið ekki aðeins á eigin hag, heldur einnig annarra.

## **I. Jóhannesarbréf 3:18-24**

Börnin mín, elskum ekki með tómum orðum, heldur í verki og sannleika. Af þessu munum vér þekkja, að vér erum sannleikans megin og munum geta friðað hjörtu vor frammi fyrir honum, hvað sem hjarta vort kann að dæma oss fyrir. Því að Guð er meiri en hjarta vort og þekkir alla hluti.

Þér elskaðir, ef hjartað dæmir oss ekki, þá höfum vér djörfung til Guðs. Og hvað sem vér biðjum um fáum vér hjá honum, af því að vér höldum boðorð hans og gjörum það, sem honum er þóknanlegt. Og þetta er hans boðorð, að vér skulum trúá á nafn sonar hans Jesú Krists og elska hver annan, samkvæmt því sem hann hefur gefið oss boðorð um. Sá sem heldur boðorð Guðs er stöðugur í Guði og Guð í honum. Að hann er stöðugur í oss þekkjum vér af andanum, sem hann hefur gefið oss.

## **I. Jóhannesarbréf 4:7-21**

Þér elskaðir, elskum hver annan, því að kærleikurinn er frá Guði kominn, og hver sem elskar er af Guði fæddur og þekkir Guð. Sá sem ekki elskar þekkir ekki Guð, því að Guð er kærleikur. Í því birtist kærleikur Guðs meðal vor, að Guð hefur sent einkason sinn í heiminn til þess að vér skyldum lifa fyrir hann. Þetta er kærleikurinn: Ekki að vér elskuðum Guð, heldur að hann elskaði oss og sendi son sinn til að vera friðþæging fyrir syndir vorar.

Þér elskaðir, fyrst Guð hefur svo elskað oss, þá ber einnig oss að elska hver annan.

Enginn hefur nokkurn tíma séð Guð. Ef vér elskum hver annan, þá er Guð stöðugur í oss og kærleikur hans er fullkomnaður í oss. Vér þekkjum, að vér erum stöðugir í honum og hann í oss, af því að hann hefur gefið oss af sínum anda.

Vér höfum séð og vitnum, að faðirinn hefur sent soninn til að vera frelsari heimsins.

Hver sem jatar, að Jesús sé Guðs sonur, í honum er Guð stöðugur og hann í Guði.

Vér þekkjum kærleikann, sem Guð hefur á oss, og trúum á hann. Guð er kærleikur, og sá sem er stöðugur í kærleikanum er stöðugur í Guði og Guð er stöðugur í honum.

Með því er kærleikurinn orðinn fullkominn hjá oss, að vér höfum djörfung á degi dómsins, því að vér erum í þessum heimi eins og hann er.

Ótti er ekki í elskunni. Fullkomin elska rekur út óttann. Því að óttinn felur í sér hegningu, en sá sem óttast er ekki fullkominn í elskunni.

Vér elskum, því að hann elskaði oss að fyrra bragði.

Ef einhver segir: Ég elska Guð, og hatar bróður sinn, sá er lygari. Því að sá sem elskar ekki bróður sinn, sem hann hefur séð, getur ekki elskað Guð, sem hann hefur ekki séð.

Og þetta boðorð höfum vér frá honum, að sá sem elskar Guð á einnig að elska bróður sinn.

## **Matteus 5:1-16**

Þegar hann sá mannfjöldann, gekk hann upp á fjallið. Þar settist hann, og læri-sveinar hans komu til hans.

Þá lauk hann upp munni sínum, kenndi þeim og sagði:

Sælir eru fátækir í anda, því að þeirra er himnaríki.

Sælir eru sorgbitnir, því að þeir munu huggaðir verða.

Sælir eru hógværir, því að þeir munu jörðina erfa.

Sælir eru þeir, sem hungrar og þyrstir eftir réttlætinu, því að þeir munu saddir verða.

Sælir eru miskunnsamir, því að þeim mun miskunnað verða.

Sælir eru hjartahreindir, því að þeir munu Guð sjá.

Sælir eru friðflytjendur, því að þeir munu Guðs börn kallaðir verða.

Sælir eru þeir, sem ofsóttir eru fyrir réttlætis sakir, því að þeirra er himnaríki.

Sælir eruð þér, þá er menn smána yður, ofsækja og ljúga á yður öllu illu mín vegna.

Verið glaðir og fagnid, því að laun yðar eru mikil á himnum. Þannig ofsóttu þeir spámennina, sem voru á undan yður.

Þér eruð salt jarðar. Ef saltið dofnar, með hverju á að selta það? Það er þá til einskis nýtt, menn fleygja því og troða undir fótum.

Þér eruð ljós heimsins. Borg, sem á fjalli stendur, fær ekki dulist.

Ekki kveikja menn heldur ljós og setja undir mæliker, heldur á ljósastiku, og þá lýsir það öllum í húsinu.

Þannig lýsi ljós yðar meðal manna, að þeir sjái góð verk yðar og vegsami föður yðar, sem er á himnum.

### **Lúkas 6:32-38**

Og þótt þér elskið þá, sem yður elska, hvaða þökk eigið þér fyrir það? Syndarar elska þá líka, sem þá elska.

Og þótt þér gjörið þeim gott, sem yður gjöra gott, hvaða þökk eigið þér fyrir það? Syndarar gjöra og hið sama.

Og þótt þér lánið þeim, sem þér vonið að muni borga, hvaða þökk eigið þér fyrir það? Syndarar lána einnig syndurum til þess að fá allt aftur.

Nei, elskið óvini yðar, og gjörið gott og lánið án þess að vænta nokkurs í staðinn, og laun yðar munu verða mikil, og þér verða börn hins hæsta, því að hann er góður við vanþakkláta og vonða.

Verið miskunnsamir, eins og faðir yðar er miskunnsamur.

Dæmið ekki, og þér munuð eigi dæmdir verða. Sakfellið eigi, og þér munuð eigi sakfelldir verða. Sýknið, og þér munuð sýknaðir verða.

Gefið, og yður mun gefið verða. Góður mælir, troðinn, skekinn, fleytifullur mun lagður í skaut yðar. Því með þeim mæli, sem þér mælið, mun yður aftur mælt verða.

### **Lúkas 19:1-10**

Jesús kom til Jeríkó og gekk gegnum borgina.

En þar var maður, er Sakkeus hét. Hann var yfirtollheimtumaður og auðugur. Langaði hann að sjá, hver Jesús væri, en tókst það ekki fyrir mannfjöldanum, því hann var lítill vexti.

Hann hljóp þá á undan og klifraði upp í mórberjatré til að sjá Jesú, en leið hans lá þar hjá.

Og er Jesús kom þar að, leit hann upp og sagði við hann: Sakkeus, flýtt þér ofan, í dag ber mér að vera í húsi þínu.

Hann flýtti sér ofan og tók á móti honum glaður.

Þeir er sáu þetta, létu allir illa við og sögðu: Hann fer til að gista hjá bersyngum manni.

En Sakkeus sté fram og sagði við Drottin: Herra, helming eigna minna gef ég fátækum, og hafi ég haft nokkuð af nokkrum, gef ég honum ferfalt aftur.

Jesús sagði þá við hann: Í dag hefur hjálpræði hlotnast húsi þessu, enda er þessi maður líka Abrahams sonur.

Því að Mannssonurinn er kominn að leita að hinu týnda og frelsa það.

## **Blessun staðfestrar samvistar** ***Tillögur að sálmum***

### **Úr Sálmabók:**

- Sb. 1 Sé Drottni lof og dýrð
- Sb. 3 Lofið vorn Drottin (v. 1, 2 og 5)
- Sb. 7 Ó, hvað þú Guð ert góður
- Sb. 11 Drottin Guð þitt dýra nafnið
- Sb. 44 Með Jesú byrja ég
- Sb. 344 Vort líf er lán frá þér
- Sb. 357 Þú Guð sem stýrir stjarnaher
- Sb. 408 Þitt lífsins ljósið bjarta (v. 2)
- Sb. 498 Til þín vér hefjum hjörtun nú (v. 2)
- Sb. 504 Ástarfaðir himinhæða
- Sb. 505 Enginn þarf að óttast síður
- Sb. 536 Þú opnar oss faðm þinn
- Sb. 538 Heilagi Guð á himni og jörð
- Sb. 540 Ljós ert þú lýði
- Sb. 545 Vér fetum brautu bjarta
- Sb. 550 Þig biðja Jesú börnin þín
- Sb. 551 Í bljúgri bæn
- Sb. 556 Vökum og biðjum
- Sb. 703 Líður að dögum
- Sb. 712 Dag í senn
- Sb. 730 Ég á mér hirði

### **Úr Söngvasveig nr. 13:**

Ég trúi á ljós

Drottinn er minn hirðir

Guð í þinni hendi